

**Ed.**

**352. Frumvarp til laga**

**[134. mál]**

um eignarnám á lóðum vegna bygginga fyrir Menntaskólann í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1949).

**1. gr.**

Ríkisstjórninni heimilast að láta taka eignarnámi eftirtaldar lóðir í Reykjavík og mannvirki, er á þeim standa, vegna bygginga fyrir Menntaskólann í Reykjavík:

- a. Nr. 2 c og 4 a við Amtmannsstíg.
- b. Nr. 7 við Bókhlöðustíg.
- c. Neðri hluta lóðarinnar nr. 14 við Þingholtsstræti, allt að 105 flatarmetrum.

**2. gr.**

Eignarnámið skal fara fram samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Samkvæmt athugunum, sem farið hafa fram, er talin nauðsyn á, að ríkið eignist lóðir þær og lóðahluta, sem taldar eru í frumvarpi þessu, vegna viðbótarbygginga þeirra, sem nauðsyn ber til að reisa á næstunni vegna Menntaskólans í Reykjavík.

Þykir nauðsyn að hafa eignarnámsheimild, en að sjálfsgöðu verða samningar reyndir.

Fasteignamat þessara eigna er sem hér segir:

	Lóðaverð:	Húsverð:
Amtmannsstígur 2 c .....	kr. 14 400.00	kr. 12 300.00
Amtmannsstígur 4 a .....	— 3 100.00	— 1 900.00
Bókhlöðustígur 7 .....	— 4 600.00	— 15 000.00
Neðri hluti lóðarinnar Þingholtsstræti 14 ca.	— 17.000.00	
Samtals	kr. 39 100.00	kr. 29 200.00